

Ályktun um kjaramál kennara við Ísaksskóla

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn á Selfossi 18.-19. febrúar 2005 lýsir andstöðu við það samkomulag sem gert hefur verið í Ísaksskóla og telur það ekki standast lög um starfskjör launafólks nr.55 frá 1980.

Samkvæmt samkomulagi kennaranna og skólans er mögulegt að raða kennurum og námsráðgjöfum til launa undir þeim kjörum sem kjarasamningar KÍ og LN fyrir grunnskóla kveður á um. Þetta er gert um leið og ákvæði um greiðslur fyrir kennslu eru afnuminn. Aldursafsláttur er með öllu afnuminn og svo mætti lengi telja.

Grunnskólakennurum sem voru í verkfalli vikum saman til að knýja fram lækkaða kennsluskyldu og hækkuð grunnlaun er misboðið með tilraunum af þessum toga. Aðalfundurinn bendir á að samkomulag þetta brýtur í bága við lög um lágmarkskjör launafólks sbr. 1.gr. laga númer 55 frá 9. júní 1980. Fundurinn beinir því til stjórnar og samninganefndar FG að staðfesta ekki samkomulagið og láta á það reyna fyrir dómstólum hvort um löglega gjörð er að ræða, reynist þess þörf.